



VEDURSTOFA
ÍSLANDS

Greinargerð

Kristján Ágústsson

Katla og Eyjafjallajökull – nokkur líkön og hugleiðingar

VÍ-G00002-JA01
Reykjavík
Febrúar 2000

Greinargerð

Kristján Ágústsson

**Katla og Eyjafjallajökull
– nokkur líkön og hugleiðingar**

VÍ-G00002-JA01
Reykjavík
Febrúar 2000

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 AÐSTÆÐUR OG FORSENDUR LÍKANA	3
3 LÍKÖN	4
4 SPJALL	6
5 LOKAORD	8

þetta efni var birt í fjölfolduðu hefti þann 9. desember 1999 auk þess sem það var birt á netinu um sama leyti.

1 INNGANGUR

Vegna áætlana um aukið eftirlit með Köllu haustið 1999 gerði ég lauslegt mat á því hve mikil bjögun gæti orðið við opnun sem óhjákvæmilega fylgir myndun gosrásar. Reiknaði ég út bjögun á sniði sem liggur þvert á miðju gangs. Markmiðið með þessu var að fá mat á hve bjögun gæti orðið mikil og að þetta gæti aðstoðað við val á nýjum mælistöðum. Það er augljóst að not af þessu eru mjög takmörkuð þar sem bjögunarsvið vegna færslu eða opnunar um flót er ekki eingöngu háð fjarlægð heldur einnig stefnu.

Ég hef reiknað svið fyrir ýmis líkön sem líkja annars vegar eftir þrýstingsbreytingu í kvíkuhólfí og hins vegar líkön þar sem bæði er þrýstingsbreyting í kvíkuhólfí og myndun gangs (samsett). Niðurstöður eru sýndar með jafngildislínum þegar um stigulsvið er að ræða (scalar potential) og örnum til að tákna vigursvið (vector potential). Þegar um er að ræða þrýstingsbreytingu í kvíkuhólfí sem er samhverft um lóðlinu er bjögun á yfirborði einnig samhverf um sömu línu. Það kann að virðast ofrausn að draga upp sviðsmynd í stað sniðs í því tilviki. En það getur verið þægilegt að átta sig mismunafærslum með þessum myndum. Í þeim líkönum sem gangur kemur fyrir er stefna hans í norður. Til að meta áhrif á mismunandi stöðum má leggja kort, þar sem mælistaðir og nokkur önnur kennileiti hafa verið sett á, ofan á myndirnar með bjögunarsviðunum og snúa og hliðra eftir því sem menn vilja.

Þessir útreikningar eru of seint á ferð til að nýtast við staðarval að sinni en gætu hins vegar orðið til einhvers gagns við mat á mælingum.

Upphaflega voru þessir reikningar aðeins hugsaðir sem vísir að handbók og því hefur ekki verið lögð áhersla á þau formsatriði sem fylgja hefðbundnum greinarskrifum. Þannig er aðeins vísað til höfunda í texta en ekki til rita þeirra. Án efa þá er þetta ekki tæmandi og væri ég þakklátur ef mér væri bent á meira efni um Köllu og nágrenni sem stutt gæti líkanagerð betur og almennt væru athugasemdir og ábendingar vel þegnar.

2 AÐSTÆÐUR OG FORSENDUR LÍKANA

Íssjármælingar sýna að askjan í Mýrdalsjökli er mjög djúp (Helgi Björnsson o.fl.). Botn hennar er í 600–700 m hæð og brúnir víða yfir 1400 m hæð.

Samkvæmt bylgjubrotsmælingum (Ólafur Guðmundsson o.fl.) eru líkur á því að aðeins séu um 3 km niður á botn kvíkuþróar undir Köluöskjunni. Sömu mælingar benda til að flatarmál þróarinnar sé sambærilegt við hring með 2–3 km radíus. Þykkt hennar gæti verið 1–2 km. Þar með er yfirborð kvíkuþróar á bilinu frá 500 m ofan sjávarmáls til 500 m neðan þess.

Túlkánir á þyngdarmælingum (Magnús Tumi Guðmundsson og Þórdís Högnadóttir) benda til þess að neðan 3 km dýpis sé þungur víðáttumikill hleifur sem nær á 10 km dýpi. Vídd hans er um 15 km um miðju en annars mjórri efst og víðari neðst. Jafnframt fylgir hringgöngum öskunnar þyngra berg, nánast frá yfirborði og niður á 2–3 km dýpi. Innan keilunnar sem þeir mynda er léttara efni. Það er á um 0.5–2 km dýpi eða 2–3.5 km frá yfirborði og þvermál um 6 km efst.

Jarðskjálftavirkni í Mýrdalsjökli er í aðalatriðum á tveimur svæðum: í grennd við Köllu og undir Goðalandsjökli. Um eðli þessara skjálfta er margt á huldu. Stærð þeirra og staðsetning, einkum dýpi, er að öðru jöfnu illa ákvörðuð.

Katlarnir sem mynduðust sumarið og haustið 1999 eru allir yfir öskjubrúnunum að undanskildum katli á Fimmvörðuhálsi. Sé jarðhitinn undir brúnunum beinlínis vegna kviku, en ekki vegna aukinnar vatnsleiðni (vegna skjálfta) og þar með aukins varmanáms, bendir það til þess að kvika eigi jafngreiða leið allan hringinn. Miðað við það er líklegast að kvíkuhólf

sé undir miðri öskjunni.

Áætlað hefur verið að lofborin gjóska í Kötlugosinu 1918 jafngildi $0.1\text{--}0.2 \text{ km}^3$ af föstu bergi (Guðrún Larsen) og þegar jafnframt er metið rúmtak Kötlutanga og hækjun á Mýrdalssandi geti rúmmálið jafngilt $0.8\text{--}0.9 \text{ km}^3$ bergs (Haukur Tómasson).

Dýpi á lag 3 er um 5–6 km undir Markarfljótsaurum og því hallar stíft niður til suðausturs og er orðið um 11 km undir Vík (Ólafur G. Flóvenz). Lag 4 er ekki vel ákvarðað á svæðinu.

Hallamælingar benda til að efni neðan jarðskorpu hafi litla seigju (Eysteinn Tryggvason).

Eyjafjallajökull er einnig talinn hafa grunnstætt kvíkuhólf (Malou Blomstrand Stinessen). Magn gosefna í sögulegum gosum er lítið (Guðrún Larsen).

Jarðskjálftavirkni var nokkur í Eyjafjallajökli haustið 1999. Athyglisvert er að dýpi skjálftanna virðist minnka út frá jöklinum til norðurs og einnig suðurs að einhverju marki (Gunnar B. Guðmundsson). Það er öfugt við það sem gerðist í hrinu norðan í jöklinum 1994 en þá dýpuðu skjálftar til norðurs. Bjögun sem mældist samhliða þeiri virkni var túlkuð sem gangainnskot (Malou Blomstrand Stinessen).

Ég hef reynt að nota ofangreindar upplýsingar til að búa til líkön sem líkt gætu eftir aðdraganda og upphafi eldgoss í Mýrdals- og Eyjafjallajökli. Það verður að segjast eins og er að vitneskja um þessar eldstöðvar er takmörkuð þegar kemur að því að setja hana í magntölur. Einnig er nokkur mótsögn í þeim. Sem dæmi þá samræmast ekki þær stærðir sem þó eru hvað best þekktar, þ.e. líkleg stærð grunns kvíkuhólfs samkvæmt bylgjubrotsmælingum og þyngdarmælingum annars vegar og magn gosefna í gosinu 1918 hins vegar. Slíkt kvíkuhólf getur ekki staðið fyrir svo stóru gosi ef lögmál um fjaðrandi efni eiga að gilda. Bjögun ofan þess yrði meiri en berg þolir. Tenging þess við önnur dýpri hólf er því líkleg en ekkert er vitað um þau. Til að fá eitthvað mat á þau má líta til annarra eldstöðva.

Undir Heklu og Kröflu eru kvíkuhólf á 3–7 km dýpi. Slíkt kvíkuhólf undir Kötlu væri þá í þeim þunga hleif sem þyngdarmælingarnar sýna. Það væri engan veginn í mótsögn við þær. Í fyrsta lagi gæti kvíkuhólfni verið lítill hluti af rúmmáli hleifsins og í öðru lagi þá er eðlismassamunur bergs og kviku í jarðskorpunni ekki mikill eins og fram kom í mælingum í Kröflueldum (Gunnar V. Johnsen o.fl.).

Ef reiknað er með að kvikan í gosunum eigi sér uppruna á meira dýpi, þá er það líklega mest neðan lags 4. Við Kötlu gæti það verið 12–18 km og við Eyjafjallajökul nokkru minna eða 8–12 km.


3 LÍKÖN

Líkönnum er skipað í two hópa. Annars vegar er um að ræða þrýstingsaukningu í kvíkuhólfum sem hugsanlega væri aðdragandi að gosi. Hins vegar gangamyndun samhliða þrýstingsminnkun í kvíkuhólfum sem fæðir ganginn og líkir eftir upphafi goss. Ennfremur hef ég reiknað út áhrif mismunandi jafnstórra kvíkuhólfum á sama dýpi, annað er kúla en hitt lárétt hringлага ellipsóíða. Við reikningana hef ég notað forrit A. T. Linde við Carnegieofnunina í Washington. Það byggir á lausn Okada fyrir færslu og opnun á fleti og lausn P. Davis á þrýstingsbreytingu í ellipsóíðu.

Ef um fleiri en eitt kvíkuhólf er að ræða er samspli þeirra hugsanlegt, t.d. þrýstingsminnkun í neðra hólfum og þrýstingsaukning í efra hólfum. Ekki er farið í slíka útreikninga að sinni.

Í líkönnum með gangi en hann lóðréttur frá yfirborði og niður í viðkomandi kvíkuhólf.

Á mynd 1 er yfirlit yfir líkönin. Þrýstingsbreytingin (δP) sem sýnd er á myndinni mundi valda 0.2 km^3 rúmmálsbreytingu í viðkomandi kvíkuhólfum ef jörðin hefði þá stíffni (rigidity) (μ)



Mynd 1. Þversnið yfir Mýrdalsjökul. Ásar í km. Kúlur og ellipsóíður eru kvíkuhólf. Stríkalínur tákna ganga.

sem einnig er sýnd á myndinni.

Þessi rúmmálsbreyting (0.2 km^3) er valin þannig að bjögunin sem hún veldur sé nokkurn veginn sú sem bergið ofan kvíkuhólfanna ætti að þola án þess að bresta. Það er að vísu á mörkunum fyrir líkan Vb næst miðju en í lagi í hinum tilvikunum. Bjögunin sem rúmmálsaukningin veldur er línulega háð henni svo auðvelt er að meta áhrif annarra rúmmálsbreytinga út frá myndunum hér á eftir.

Va er nokkurn veginn það hólf sem bylgjubrotsmælingarnar benda til. Það nær frá öskjubrúnum við Entu og 4–5 km inn í öskjuna. Botn þess er á um 3 km dýpi og þykkt 1–2 km. Ekki eru gerðir reikningar fyrir þetta hólf.

Vb er hrígla ellipsóíða á 2 km dýpi með láréttu langása 5 km og skammás 1.5 km. Lárétt stærð hennar miðast við öskjuna og neðri mörk nokkurn veginn við þar sem hleifurinn þungi samkvæmt þyngdarmælingum tekur við.

Vc er kúla með 4 km radíus á 7.5 km dýpi. Til samanburðar reiknaði ég út áhrif frá jafnstórrí ellipsóíðu (Ve) með láréttu langása 7 km langa og miðju á sama stað. Þeir reikningar eru sýndir á mynd 2 sem snið.

Vd er kúla með 4 km radíus á 15 km dýpi.

Þegar reiknað er með myndun gangs er gengið út frá sömu kvíkuhólfum (Vb–Vd). Gangurinn nær frá yfirborði og niður í viðkomandi kvíkuhólf (mynd 1). Breidd hans er 5 km og opnunin 1 m. Reiknað er með þrýstifalli í kvíkuhólfinu sem svarar til þess að efni fari úr því og í ganginn.

Áhrif gangsins eru meiri en áhrif frá samhliða þrýstifalli í hólfí í þessum tilvikum. Að vísu er þrýstifallsins farið að gæta nokkuð í líkani Vd (stærri gangur) en engu að síður má fá grófa hugmynd um áhrif annarra gangastærða út frá myndunum. Þau eru línulega háð vægi (mómenti) hans sem er flótur*opnun. Þetta gildir fremur um fjarsvið en í nærsviðinu skiptir m.a. lengd og dýpi meira máli.


4 SPJALL

Niðurstöður eru sýndar á myndum 2–14. Á mynd 15 eru merkt nokkur örnefni og mælistáðir og er hún í sama kvarða og myndir 3–14. Miðað er við ætlaðar miðjur askjanna undir Mýrdalsjökli (63.65°N , 19.10°V) og Eyjafjallajökli (63.63°N , 19.63°V). Þá mynd má því leggja ofan á hinar og snúa og hliðra eftir þörfum til að meta hver áhrifin eru við breytilega afstöðu gangs.

Sniðin á mynd 2 sýna áhrif frá líkani Vc og jafnstórrí ellipsóíðu, Ve (mynd 1). Við sjáum að áhrif ellipsóíðunnar eru mun meiri en kúlu frá miðju út í 10–15 km fjarlægð. Í 20–25 km fjarlægð snýst þetta við fyrir láréttu og lóðréttu færslu og halla en í 40 km fjarlægð fyrir þenslu.

Það er rétt að staldra aðeins við mynd 2 og skoða þennan mikla mun á bjögun frá kúlu (Vc) annars vegar og láréttri ellipsóíðu (Ve) hins vegar. Hann er 4–6 faldur þar sem mest er. Almennt þá má segja að miðað við kúlu getur tilsvarandi ellipsóíða á meira dýpi valdið svipaðri bjögun nálægt miðju ef um álíka rúmmálsbreytingu er að ræða. Sömuleiðis getur sambærileg ellipsóíða á sama dýpi og kúla en með minni rúmmálsbreytingu haft sömu áhrif og að sjálfsögðu minni ellipsóíða einnig. Þá er einnig rétt að hafa í huga að hugsanlegt kvíkuhólf getur haft allt aðra lögum svo sem að lengsti ás sé nær lóðréttu en ég hef ekki gert neina slíka reikninga enn. Öll þessi margræðni er vel þekkt staðreynd en það er engu að síður athyglisvert að sjá þennan mikla mun í þessu dæmi.

Athugum aðeins hvað líklegt er að mælitæki okkar geti séð af breytingum frá líkönum



Mynd 2. Bjögun vegna ellipsóíðu (heil lína) og kúlu (strikalína). Allar myndirnar sýna bjögum frá sömu líkönum en hafa mismunadi kvarða og fjarlægð frá miðju. Láréttur ás er fjarlægð í km frá miðju kvíkuhólfs. Einingar lóðréttas áss eru skrifaðar á myndirnar. „dil“ er pensla og jákvæð gildi tákna rúmmálsaukningu. „horiz. displ.“ er lárétt færsla og jákvæð gildi sýna færslu fá miðju. „vert. displ.“ er lóðrétt færsla og jákvæð gildi sýna landhækjun. „tilt“ er halli í geislum (rad.) og jákvæð gildi sýnð halla niður að miðju.

Vb og Ve á mynd 1 og sýndar eru á mynd 2. Þenslumælarnir hafa nэмni upp á um 10^{-12} strain. Órói eða suð verður oft 3 nanostrain (10^{-9}) á tímakvarða sem nemur allt að sólarhring en getur orðið 10–100 sinnum stærri á lengri tíma. Því sést snögg þrýstingsbreyting í svona hólfum (Vc og Ve) a.m.k. út í 70 km. Hægari breyting (2–4 mánuðir) ætti að vera merkjanleg innan 35–40 km frá miðju. GPS ákvörðun sem byggir á sólarhrings mælingu hefur 0.2–0.3 cm óvissu í lárétti staðarákvörðun og ætti lárétt færsla að sjást út í um það bil 70 km. Óvissa í lóðréttum þætti GPS mælinga er um 1 cm og örugg breyting verður því ekki greind utan 30 km skv. þessum líkönum. Hallamælingar með landmælingatækjum (dry tilt) hafa um 2 microrad. óvissu í uppsetningunum í kring um Eyjafjalla- og Mýrdalsjökul. Breytingar á halla innan 30 km frá miðju gætu því verið marktækar.


Almennt má segja um líkönin þar sem eingöngu er um að ræða þrýstingsbreytingu í hólfí (myndir 3–8) að lárétt færsla væri marktæk á öllu svæðinu sem sýnt er á myndunum. Þenslubreytingar eru þess eðlis að á keilu sem kalla mætti hnútkeilu verða engar breytingar. Hringurinn sem keilan myndar á yfirborði, þar sem engin breyting verður, stækkar eftir því sem upptökin eru dýpra og t.d. fyrir líkan Vd er hann með 20 km radius (mynd 8). Í þessum tilvikum er hann fremur skarpur þannig að víðast hvar væri merkið sterkt. Óvissa í hallamælingum og lóðréttum GPS mælingum er hlutfallslega meiri og breytingar á þeim væru marktækar innan 25–30 km.

Myndir 9–14 sýna bjögun sem verður við myndun gangs og þrýstingsminnkun í kviku-hólfí sem fæðir hann. Í þessum líkönum er vægi gangsins meira en þrýstingsminnkunin í tilsvarandi kvíkuhólfí. Sviðið er stefnuháð og mestar breytingar eru þvert á gang og til enda hans og hnútplón þar á milli. Á svæðum þar sem bjögun er mest mundi hún sjást á þenslumælum út í 60 km ef um væri að ræða breytingu sem ætti sér stað á nokkrum klukkustundum. Hallabreytingar, láréttar færslur og hægari þenslubreytingar eru marktækar innan 10–15 km fjarlægðar frá miðju gangs. Lóðréttar breytingar sæust ekki nema mun nær.


Ef við skoðum nýlega mælingu halla á Fimmvörðuhálsi sem Norræna eldfjallastöðin hefur birt, þá er mælistáðurinn í um 15 km fjarlægð frá miðju Kötluöskjunnar og í 10 km fjarlægð frá Eyjafjallajökli. Hallabreytingin er 10 microrad. og annaðhvort hefur Eyjafjallajökull risið eða Mýrdalsjökull sigið. Ef Eyjafjallajökull hefur risið gætu líkön Vb, Vc (myndir 5–8) eða eitthvað þar á milli skýrt það. Marktæk breyting mundi ekki mælast í Kötluþrika eða Jökulkrók en mæling á Dagmálfjalli mundi festa þetta. Ekki er unnt að skýra landhæðarbreytingarnar sem nú eru að koma fram með slíku líkani þar sem innbyrðis munur virðist of mikill. Ef hins vegar Mýrdalsjökull væri væri að síga þá eru Jökulkrókur og Kötluþrika álíka langt frá miðju öskjunnar og Fimmvörðuháls og breytingar þar ættu að vera álíka stórar en það mælist ekki. Því má ætla að þessi atburðarrás sé flóknari en svo að þessi líkön geti skýrt hana.

5 LOKAORD


Þessi líkön byggja ekki á miklum beinum athugunum. En þau gefa engu að síður góða hugmynd um hve mikil bjögunin getur orðið. Vonandi gagnast þau einhverjum eitthvað þegar farið verður að rýna í þau nýju gögn sem nú streyma inn.




Mynd 3. Bjögun vegna þrýstingsaukningar í hólfí Vb. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaukningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfs.




Mynd 4. Bjögun vegna þrýstingsaukningar í hólf Vb. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaukningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifaðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfs.




Mynd 5. Bjögun vegna brýstingsaukningar í hólfí Vc. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaukningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfs.




Mynd 6. Bjögun vegna þrýstingsaukningar í hólfí Vc. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaukningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifaðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfs.




Mynd 7. Bjögun vegna þrýstingsaukningar í hólfi Vd. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaukningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfs.




Mynd 8. Bjögun vegna þrýstingsaukningar í hólf Vd. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaukningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfs.




Mynd 9. Bjögun vegna myndunar gangs og þrýstingsminnkunar í hólf Vb. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaukningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfs.




Mynd 10. Bjögun vegna myndunar gangs og þrýstingsminkunar í hólfí Vb. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaukningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifaðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfs.




Mynd 11. Bjögun vegna myndunar gangs og þrýstingsminkunar í hólf Vc. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaukningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifaðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfs.




Mynd 12. Bjögun vegna myndunar gangs og þrýstingsminnkunar í hólfi Vc. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaukningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfis.



Mynd 13. Bjögun vegna myndunar gangs og þrýstingsminnkunar í hólf Vd. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaunkningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifaðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfs.



Mynd 14. Bjögun vegna myndunar gangs og þrýstingsminkunar í hólfi Vd. Í efra vinstra horni er þensla. Jákvæð gildi sýna rúmmálsaukningu bergs. Í neðra vinstra horni er lóðrétt færsla. Í efra hægra horni er lárétt færsla og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Í neðra hægra horni er halli. Örvar benda í átt aukinnar landhæðar og stærðarkvarði neðst á miðri mynd. Einingar eru skrifðar á myndirnar og ásar eru í km út frá miðju hólfs.



Mynd 15. Nokkrir mælistaðir og örnefni. Hringir með geisla 20, 40 og 60 km fyrir stærra svæði og 10, 20 og 30 km fyrir minna svæði. Myndir vinstra megin eru miðaðar við miðju Kötluöskjunnar en hægra megin við miðju Eyjafjallajökuls. Ásar í km.